

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 1484/2021.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er verslunum og söfnum heimilt að taka við 50 manns í rými og til viðbótar fimm viðskiptavinum á hverja 10 m² umfram 100 m², þó að hámarki 500 viðskiptavinum. Leitast skal við að viðhafa 2 metra nálægðartakmörkun þar sem fólk staldrar við í lengri tíma, svo sem í biðröðum á kassasvæðum.

b. Á eftir orðunum „allir gestir“ í 5. mgr. kemur: fæddir 2015 og fyrir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur gildi nú þegar.

Heilbrigðisráðuneytinu, 22. desember 2021.

F. h. heilbrigðisráðherra,

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.